

157. löggjafarþing 2025–2026.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum um skatta, gjöld o.fl. (tollar, skilagjald o.fl.).

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

1. gr.

Í stað orðanna „og 2025“ og „og 2024“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: 2025, 2026 og 2027; og: 2024, 2025 og 2026.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „180.000 kr.“ í 2. mgr. 66. gr. laganna kemur: 300.000 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. laganna:

- Í stað „Lánasjóður íslenskra“ kemur: Menntasjóður.
- Á eftir „Fiskræktarsjóður“ kemur: Hapdrætti Háskóla Íslands.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

- Á eftir „aðra fjármálagerninga“ í 2. mgr. kemur: eða sýndareignir.
- Á eftir „þar á meðal frá“ í 9. mgr. kemur: þjónustuveitendum sýndareigna og.
10. mgr. orðast þannig:

Ríkisskattstjóra er heimilt að leggja dagsektir, sem geta numið allt frá 10.000 kr. til 1. millj. kr. á dag, á eftirfarandi aðila:

a. Rekstraraðila stafræns vettvangs vanræki hann skil skv. 4. mgr. Leggjast dagsektir á frá þeim degi sem rekstraraðila bar að standa skil á gögnum samkvæmt auglýsingu ríkisskattstjóra um skil á gögnum til þess dags að hann fullnægir skyldu sinni.

b. Fjármálastofnanir og þjónustuveitendur sýndareigna sé um vanrækslu á skyldu skv. 9. mgr. að ræða eða hafi viðskiptamaður verið samþykktur án þess að upplýsingaskyldu samkvæmt þeirri sömu málsgrein hafi verið fullnægt. Leggjast dagsektir á frá þeim degi sem aðila bar að standa skil á gögnum samkvæmt reglum settum skv. 9. mgr. og til þess dags að þeirri skyldu er fullnægt.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða LXVII í lögunum:

- Í stað orðanna „og 2025“ og „og 2024“ í 1. málsl. kemur: 2025, 2026 og 2027; og: 2024, 2025 og 2026.
- Í stað orðanna „og 2024“ í 2. málsl. kemur: 2024, 2025 og 2026.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði laga þessara sem vísa til aðila með heimilisfesti á Evrópska efnahagssvæðinu skulu gilda með sama hætti um aðila með heimilisfesti í Bretland að því er varðar rétt sem tryggður er samkvæmt alþjóðasamningi sem Ísland hefur staðfest vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu.

II. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 2. mgr. fellur brott.
- b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Sé staðgreiðsla ekki greidd innan mánaðar frá og með gjalddaga, sbr. 20. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er.
- c. Á eftir „álagi“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: og dráttarvöxtum.
- d. Á eftir „álag“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: og dráttarvexti.
- e. Á eftir „2. mgr.“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: og dráttarvöxtum.
- f. Á eftir „2. mgr.“ í 5. mgr. kemur: og dráttarvaxta skv. 3. mgr.

III. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2. gr. laganna:

- a. Í stað „Lánasjóður íslenskra“ kemur: Menntasjóður.
- b. Á eftir „Fiskræktarsjóður“ kemur: Hapdrætti Háskóla Íslands.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020.

9. gr.

21. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um ríkisábyrgðir, 121/1997.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum fellur brott.

VI. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

11. gr.

Í stað „2026“ í ákvæði til bráðabirgða XIII í lögunum kemur: 2029.

VII. KAFLI

Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993.

12. gr.

Í stað orðanna „2024 og 2025“ í inngangsmálslið EE-liðar ákvæðis til bráðabirgða í lögum kemur: 2024, 2025 og 2026.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um gistináttaskatt og innviðagjald, nr. 2011/87

13. gr.

Í stað orðsins „sjö“ í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. b laganna kemur: fimmtán.

IX. KAFLI

Brottfall laga um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs, nr. 151/2019.

14. gr.

Lög um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs, nr. 151/2019, falla úr gildi. Við brottfall laganna tekur ríkissjóður við öllum réttindum og skyldum ÍL-sjóðs.

X. KAFLI

Breyting á lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992.

15. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er stjórn stofnunarinnar heimilt að takmarka eða hafna því að váttryggja húseignir, lausafé og mannvirki sem tilheyra atvinnustarfsemi ef það telst nauðsynlegt vegna áhættustýringar.

16. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að innheimta iðgjöld af munum skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. sem tilheyra atvinnustarfsemi með álagi ef slík váttrygging getur haft í för með sér mikla áhættu fyrir fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

3. gr. og 8. gr. koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2027 og á staðgreiðsluárinu 2026 eftir því sem við á.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarpið er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Með því eru lagðar til breytingar á lögum um skatta, tolla, gjöld og nokkur fleiri atriði. Um er að ræða breytingar á ákvæðum laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þar sem lagt er til að gildistími bráðabirgðaákvæðis um skattfrádrátt vegna hlutabréfakaupa verði framlengdur um tvö ár. Jafnframt er lagt til að frítekjumark barna verði hækkað úr 180.000 kr. á ári í 300.000 kr. Þá eru lagðar til breytingar sem undanþiggja Happraætti Háskóla Íslands skattskyldu af fjármagnstekjum, að tekjuskattslögin taki tillit til útgöngusamnings Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu og upplýsingaheimildir skattyfirvalda tryggðar þegar kemur að viðskiptum eða milligöngu með sýndareignir. Einnig er um að ræða tillögu um að skilið verði á milli

ákvörðunar um álag og beitingu dráttarvaxta vegna síðbúinna skila á fjárhæð staðgreiðslu. Þá er lögð er til framlenging bráðabirgðaákvæðis í búvörulögum, nr. 99/1993, um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tiltekna tegundir grænmetis og brottfall laga um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs. Jafnframt eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um gjald af áfengi, tóbaki, nikótíni o.fl., nr. 96/1995 að því er varðar álagningu og innheimtu gjaldanna. Þá er lögð til breyting á gjalddaga innviðagjalds sem skemmtiferðaskipum í millilandasiglingum er gert að greiða.

Enn fremur er mælt fyrir um breytingar á lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020, og lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, sem fela í sér að starfsemi sérstakrar eftirlitsnefndar með framkvæmd lánveitinga af hálfu ríkisins verði hætt.

Loks er mælt fyrir um breytingar á lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992, sem fela í sér nýjar heimildir stofnunarinnar til að takmarka eða hafna því að tryggja eignir atvinnurekenda ef það er talið nauðsynlegt vegna áhættustýringar.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Tilefni einstakra ákvæða frumvarpsins er af ýmsum toga. Framlenging skattfrádráttar vegna hlutabréfakaupa er til þess ætluð að auka aðgengi að fjármagni fyrir bæði nýsköpunarfyrirtæki og smærri fyrirtæki í vexti og getur úrræðið haft mikla þýðingu fyrir slík fyrirtæki.

Tilefni þykir til að hækka árlegt frítekjumark hjá börnum undir 16 ára aldri, þar sem umrædd viðmiðunarmörk hafa haldist óbreytt frá árinu 2013.

Undanþága Happraðttis Háskóla Íslands frá skattskyldu af fjármagnstekjum er til komin þar sem breytt reikningsskil samkvæmt lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, áttu ekki að leiða til þess að Háskóli Íslands yrði í verri stöðu fjárhagslega en hann var áður.

Nýlega var samþykkt alþjóðlegt regluverk um upplýsingaskipti vegna sýndareigna sem Ísland er þátttakandi að. Lögð er til breyting þess efnis að íslenskum skattyfirvöldum verði heimilt að óska eftir tilteknum upplýsingum og að þær upplýsingar séu á tilteknu formi í samræmi við regluverkið. Auk þess verður heimilt að deila þeim upplýsingum með skattyfirvöldum annarra ríkja sem þátttakendur eru í skiptum á upplýsingum um sýndareignir og að stjórnarsýsluviðurlög séu til staðar sé upplýsingaskyldu ekki fullnægt.

Fyrir liggur að lög um ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 121/2019, tryggja ekki rétt aðila sem fluttu til Bretlands fyrir lok aðlögunartímabilsins og njóta réttar samkvæmt útgöngusamningnum að loknu því tímabili, sbr. úrskurð yfirséðanefndar nr. 183/2023.

Ákvæði frumvarpsins um að skilið verði á milli ákvörðunar um álag og beitingu dráttarvaxta vegna síðbúinna skila á fjárhæð staðgreiðslu er í samræmi við lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Eðlismunur er á álagi sem telst til refsikenndra viðurlaga og vaxta sem reiknast af ógreiddri peningakröfu.

Á meðan á heimsfaraldri kórónuveirunnar stóð var gripið til ýmissa úrræða til stuðnings bæði heimilum og fyrirtækjum. Á meðal þeirra voru tvenns konar lánveitingar til rekstraraðila með ábyrgð ríkissjóðs. Annars vegar var um að ræða lán sem kölluð voru viðbótarlán sem ætluð voru stærri aðilum og hins vegar stuðningslán sem ætluð voru minni rekstraraðilum. Öll viðbótarlán hafa verið greidd upp og meiri hluti stuðningslána. Því þykir tímabært að fella brott ákvæði sem undanþiggur veitingu viðbótarlánanna frá ákvæðum laga um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, eins og kveðið er á um í 1. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða við lögin. Einnig þykir ekki lengur tilefni til þess að hafa að störfum sérstaka nefnd sem hefur það hlutverk að

hafa eftirlit með framkvæmd viðbótar- og stuðningslána. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabankinn hafa áfram eftirlit með framkvæmdinni þar til öll stuðningslán hafa verið greidd upp.

Veitt var heimild til veitingar viðbótarlána með fjáráukalögum fyrir árið 2020, nr. 26/2020. Alls voru veitt átta lán sem námu samtals 2.835 millj. kr. Öll viðbótarlán hafa verið greidd upp og var síðasta lánið greitt upp í mars 2024. Heildarendurgreiðslufjárhæð nam 3.427 millj. kr., að vöxtum meðtöldum. Ríkið þurfti ekki að inna af hendi greiðslur.

Um veitingu stuðningslána er fjallað í lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020. Í heildina voru veitt stuðningslán sem námu 10.057 millj. kr. Heildarfjárhæð sem hafði verið endurgreidd í lok ágúst 2025 var 10.839 millj. kr., að vöxtum meðtöldum. Eftirstöðvar námu 729 millj. kr. Ríkið hefur alls þurft að greiða 916,4 millj. kr. vegna 117 stuðningslána sökum ábyrgðar sinnar á endurgreiðslu stuðningslána.

Tilfni þykir til að framlengja bráðabirgðaákvæði XIII tollalaga um þrjú ár vegna þeirra aðila sem áður hafa fengið leyfi til reksturs blandaðrar tollvöruheimsnotkunar óháð því hvort þeir starfa í þeim tilgangi að veita öðrum ótengdum aðilum þá þjónustu sem felst í rekstri tollvöruheimsnotkunar til að veita stjórnvöldum og tollgæslu sigrúm til að meta hvort fyrirkomulagið komi til með að henta til framtíðar.

Framlenging á bráðabirgðaákvæði búvörulaga um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tiltekna tegundir grænmetis miðar að því að tryggja nægjanlegt framboð til hagsbóta fyrir neytendur, koma í veg fyrir skortstöðu og draga úr líkum á tímabundnum verðhækkunum vegna álagningar tolla í þeim tilvikum þegar innlent vöruframboð er ekki nægjanlegt.

Tilfni er til að kveða skýrar á um álagningu og innheimtu gjalds af áfengi, tóbaki og nikótínvörum í lögum um gjald á áfengi, tóbak, nikótín o.fl., nr. 96/1995. Tilgangurinn er að festa betur í sessi þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð við álagningu og innheimtu gjaldanna. Til að auka skilvirkni og tryggja samræmi í innheimtuaðgerðum er enn fremur lagt til að ríkisskattstjóri innheimti þau gjöld sem stofnunin leggur á samkvæmt lögum.

Tilfni þykir til að fella brott lög um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs, nr. 151/2019, í ljósi þess árangurs sem náðst hefur í úrvinnslu og uppgjöri eigna og skulda ÍL-sjóðs, sem lögin kveða á um. Ríkissjóður tekur yfir eftirstandandi réttindi og skyldur ÍL-sjóðs.

Aðstæður á váttryggingamörkuðum hafa breyst á undanförunum árum, verð á aláhættutryggingum hefur farið hækkandi og kjör versnað. Þá bætist við aukin hætta á tjóni m.a. af völdum áhrifa loftslagsbreytinga og hér á landi vegna eldsumbrota. Í lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands er stofnuninni gert að hafa skilvirkir kerfi áhættustýringar, sbr. 19. gr. a. í lögum nr. 55/1992, til þess að tryggja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar og getu hennar til þess að standa við skuldbindingar sínar. Á stofnuninni hvílir greiðsluskylda skv. 18. gr. laga nr. 55/1992 í hverjum váttryggingaratburði sem nemur 1% af samanlögðum váttryggingafjárhæðum. Greiðsluskylda þessari mætir stofnunin með öflun endurtrygginga á erlendum mörkuðum ásamt eignum í sjóði. Ef eignir stofnunarinnar hrökkva ekki til að greiða bætur samkvæmt lögum er stjórn stofnunarinnar heimilt, með samþykki ráðherra, að taka lán með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs til þess að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Nemi bætur vegna sama váttryggingaratburðar hærri fjárhæð en sem nemur fyrirnefndu 1% skal hlutur allra váttrygðra sem tjón bíða skerðast í sama hlutfalli.

Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni hefur það færst í aukana á umliðnum árum að fyrirtæki sækist eftir því að váttryggja hjá stofnuninni einstaka stórar áhættur á þeim kjörum sem bjóðast samkvæmt lögum nr. 55/1992. Ef til tjóns kemur gæti slíkt haft veruleg áhrif á fjárhag stofnunarinnar og þar með samtryggingarsjóð allra váttryggingartaka hjá stofnuninni.

Til að tryggja áframhaldandi getu stofnunarinnar til þess að standa við skuldbindingar sínar og vernda hagsmuni váttryggðra, í samræmi við almenn sjónarmið um áhættustýringu, er lagt til að stjórn stofnunarinnar fái heimild í lögum til þess að takmarka váttryggingu eða hafna því að veita váttryggingu og bæta álagi við iðgjöld af slíkum váttryggingum, eftir því sem við á hverju sinni að mati stofnunarinnar, þegar um er að ræða einstakar áhættur sem tilheyra atvinnustarfsemi.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa.

Lagðar eru til breytingar á 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, varðandi skattfrádrátt vegna hlutabréfakaupa með því að framlengja gildistíma úrræðisins um tvö ár. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér frádrátt frá tekjuskattstofni, að viðbættum fjármagnstekjum, vegna fjárfestinga á árunum 2016–2024. Að óbreyttu hefur síðasta skattvildunin því verið veitt við álagningu opinberra gjalda á árinu 2025 vegna fjárfestinga á árinu 2024.

3.2. Frítekjumark barna.

Lögð er til hækkun á frítekjumarki hjá börnum undir 16 ára aldri, en umrædd viðmiðunarmörk hafa haldist óbreytt frá árinu 2013. Lagt er til að frítekjumarkið verði 300.000 kr. á ári í stað 180.000 kr. áður og kemur hækkunin til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2027 vegna tekna ársins 2026 og við staðgreiðslu opinberra gjalda á því ári.

3.3. Hapdrætti Háskóla Íslands undanþegið skattskyldu af fjármagnstekjum.

Lagt er til að Hapdrætti Háskóla Íslands verði bætt við upptalningu laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og laga um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, nr. 94/1996, um aðila sem undanþegnir eru skattskyldu af fjármagnstekjum. Lagabreytingin er talin nauðsynleg til að breytt reikningsskil samkvæmt lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, bitni ekki á rekstri Háskóla Íslands. Til að mæta kröfum laganna voru byggingar skólans færðar í sérstakt félag, Fasteignir Háskóla Íslands ehf., árið 2021 og greiðir háskólinn því leigu til Fasteigna Háskóla Íslands ehf. Hapdrætti Háskóla Íslands mun að óbreyttu greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum af fjármunum sem til stendur að stofnunin láni Fasteignum Háskóla Íslands ehf. í stað þess að leggja þá til Háskóla Íslands. Þar sem ekki stóð til að Háskóli Íslands yrði í verri stöðu fjárhagslega en hann var áður er lögð til sú lagabreyting að Hapdrætti Háskóla Íslands verði undanþegið staðgreiðslu og tekjuskatti af fjármagnstekjum.

3.4. Upplýsingaskylda á þjónustuveitendur sýndareigna.

Lagt er til að þeir aðilar sem stunda hvers konar þjónustu sem tengist viðskiptum með sýndareignir skuli afla og skila þeim upplýsingum sem ríkisskattstjóri óskar um viðskiptin. Er lagabreytingin lögð til í kjölfar yfirlýsingar stjórnvalda um þátttöku í upplýsingaskiptum á þessu sviði. Upplýsingaskyldan kemur til með að byggjast á alþjóðlegu regluverki um skýrslugjafarskil þjónustuveitenda sýndareigna (e. crypto asset reporting framework – CARF) sem unnið var af efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Þeim upplýsingum sem innlendir þjónustuveitendur skila til skattfyrvalda, og tengjast sýndareignum erlendra aðila, verður deilt með skattfyrvöldum viðkomandi landa í samræmi við ákvæði regluverksins. Með gagnkvæmum hætti munu íslensk skattfyrvöld fá upplýsingar um viðskipti með sýndareignir íslenskra aðila.

3.5. Réttur aðila samkvæmt útgöngusamningi Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu.

Lagt er til að við lög um tekjuskatt, nr. 90/2003 verði aukið nýju bráðabirgðaákvæði þess efnis að réttur þeirra aðila sem eiga rétt samkvæmt útgöngusamningi Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu verði tryggður, m.a. að því er varðar barnabætur.

3.6. Ákvörðun álags og beiting dráttarvaxta vegna síðbúinna skila á fjárhæð staðgreiðslu.

Gert er ráð fyrir því að ákvörðun álags samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, verði breytt til samræmis við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og með því skilið á milli álags og beitingar dráttarvaxta vegna síðbúinna skila á fjárhæð staðgreiðslu. Telja verður að eðlismunur sé á álagi sem er ein tegund refsikenndra viðurlaga og vöxtum sem reiknast af ógreiddri peningakröfu.

Jafnframt er lögð til leiðrétting á tilvísun sem er að finna í 30. gr. a laga nr. 45/1987. Í stað þess að vísa til 30. gr. verði tilvísun til 28. gr. laganna þar sem fjallað er um beitingu álags.

3.7. Eftirlitsnefnd vegna viðbótarlána og stuðningslána.

Lagt er til að ákvæði um sérstaka eftirlitsnefnd með lánveitingum til rekstraraðila á tímum kórónuveirufaraldursins verði felld brott. Sama gildir um ákvæði sem undanþiggur viðbótarlán gildissviði laga um ríkisábyrgðir.

3.8. Blandaðar tollvöruheymslur.

Með lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, nr. 124/2015, voru gerðar breytingar á 1. mgr. 94. gr. tollalaga, þar sem þrengt var að heimild tollyfirvalda til að veita leyfi til reksturs blandaðrar tollvöruheymslu, en gert var að skilyrði að þeir sem hlytu slíka heimild störfuðu í þeim tilgangi að veita öðrum ótengdum aðilum þá þjónustu sem fælist í rekstri tollvöruheymslu, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 91. gr. tollalaga. Vegna þessarar breytingar varð tollyfirvöldum óheimilt að veita öðrum leyfishöfum tollvöruheymslu leyfi til að geyma tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur í sama rými í tollvöruheymslu en þeim sem störfuðu í þeim tilgangi að veita öðrum ótengdum aðilum þá þjónustu sem fælist í rekstri tollvöruheymslu. Til að skýra stöðu þeirra sem þegar höfðu fengið slíkt leyfi, var kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði XIII tollalaga, sem jafnframt var samþykkt með lögum nr. 124/2005, að þeim aðilum sem þegar höfðu fengið leyfi, yrði áfram heimil geymslan eftir gildistöku laganna, fram til 1. janúar 2026, óháð því hvort þeir störfuðu í þeim tilgangi að veita öðrum ótengdum aðilum þá þjónustu sem fælist í rekstri tollvöruheymslu, svo framalega sem þeir teldust uppfylla skilyrði annara ákvæða 94. gr. tollalaga.

Til að tryggja heildstætt endurmat á þeirri undanþágu sem fólst í bráðabirgðaákvæði XIII í tollalögum, er lagt til að bráðabirgðaákvæðið verði framlengt um þrjú ár. Markmiðið er að veita stjórnvöldum og tollgæslunni svigrúm til að greina fyrirkomulagið betur, áhrif þess á störf tollgæslunnar og öryggiskröfur áður en tekin verður endanleg afstaða til þess hvort fyrirkomulagið henti til framtíðar. Tillagan felur ekki í sér neina efnislega breytingu á núverandi fyrirkomulagi og er eingöngu ætlað að tryggja að mat stjórnvalda og afstaða byggji á traustum grunni.

3.9. Framlenging á bráðabirgðaákvæði búvörulaga um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis.

Gert er ráð fyrir eins árs framlengingu á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða EE búvörulaga, nr. 99/1993, þannig að það gildi út árið 2026. Í ákvæðinu er kveðið á um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis.

3.10. Breyting á gjalddaga innviðagjalds.

Frá 1. janúar 2025 hefur skemmtiferðaskipum í millilandasiglingum verið gert að skila innviðagjaldi í ríkissjóð. Ákvæði um innviðagjald voru lögfest í lög nr. 87/2011 um gistináttaskatt, nú lög um gistináttaskatt og innviðagjald, með lögum um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl., nr. 140/2024. Uppgjörstímabil innviðgjalds hjá rekstraraðilum skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum telst vera sá tími sem skipið er innan tollsvæðis íslenska ríkisins hverju sinni. Gjalddagi er sjö dögum eftir að skip yfirgefur tollsvæði ríkisins. Samkvæmt tollgæsluviði Skattsins, sem sér um álagningu og innheimtu á innviðagjaldinu, er komin góð reynsla á gjaldtökuna og framkvæmdin við álagningu og innheimtu innviðagjalds hefur gengið vel. Hins vegar er bent á á að tíminn frá lok hvers uppgjörstímabils fram að gjalddaga þess mætti vera lengri. Brugðist er við þessari ábendingu með því að leggja til í frumvarpi þessu að gjalddagi innviðagjalds verði fimmtán dögum eftir að skip yfirgefur tollsvæði ríkisins.

3.11. Brottfall laga um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs.

Lagt er til að lög um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs, nr. 151/2019, verði felld úr gildi og starfsemi sjóðsins leggist þar með formlega af. Um er að ræða lokaáfangann í úrvinnslu og uppgjóri eigna og skulda sjóðsins. Í fjárlögum er þegar heimild fyrir fjármála- og efnahagsráðherra til að ganga til samninga um skipti á eignum við sjóðinn og til að gera upp fyrirbyggjandi ríkisábyrgð á skuldum ÍL-sjóðs með útgáfu ríkisskuldabréfa. Í samræmi við það er gerð tillaga um að eftirstandandi réttindi og skyldur ÍL-sjóðs færist yfir til ríkissjóðs. Þau réttindi sem um ræðir eru tilgreind í samningi milli ríkissjóðs og ÍL-sjóðs sem gerður var í framhaldi af staðfestingu Alþingis á útgáfu ríkisskuldabréfa til uppgjors á skuldum ÍL-sjóðs. Heildarframlag ríkissjóðs í formi útgáfu skuldabréfa, um 550,3 milljarðar kr., reiðufjár í evrum, 54,6 milljarðar kr., og ætlaðri yfirtöku á öðrum skuldum ÍL-sjóðs, 21,2 milljarðar kr., nam um 616,5 milljörðum kr. Þá var gert ráð fyrir því að ríkissjóður fengi afhentar eignir sem metnar voru á um 237 milljarða kr. en þar er um að ræða kröfu á Húsnæðissjóð að fjárhæð 112 milljarðar kr., almennt útlánasafn ÍL-sjóðs að fjárhæð 103 milljarðar kr. auk annarrar skuldabréfaeignar að fjárhæð um 23 milljarðar kr. Áhættuskipti og lögskil vegna eigna og skulda miðast samkvæmt samkomulaginu við 7. mars 2025.

Með því að ÍL-sjóður verður lagður niður sem sjálfstæð löggjörfsóna falla réttindi og skyldur sjóðsins til ríkissjóðs. Þau hafa að mestu leyti verið framseld nú þegar en nauðsynlegt er þó að í lögum sé kveðið á um að ríkissjóður komi að öllu leyti í stað ÍL-sjóðs þegar kemur að réttindum og skyldum. Þetta er meðal annars nauðsynlegt vegna smávægilegra uppgjörssatriða vegna yfirtöku á skuldum auk formlegrar heimildar til ráðstöfunar á eignum og að skýrt sé samkvæmt lögum að ríkissjóður sé réttur og löglegur kröfuhafi samkvæmt öllum þeim skuldaskjölum sem ÍL-sjóður átti og ekki hefur verið ráðstafað með formlegu framsali eða öðrum hætti. Við brottfall laganna tekur ríkissjóður því við öllum réttindum og skyldum ÍL-sjóðs og því verður ekki þörf á að ganga frá sérstöku framsali vegna hvers skuldaskjals sem færist yfir til ríkissjóðs.

3.12. Heimildir Náttúruhamfaratryggingar Íslands til að takmarka eða hafna því að tryggja eignir atvinnurekenda ef það er talið nauðsynlegt vegna áhættustýringar.

Lagðar eru til breytingar á 5. og 11. gr. laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992. Við 5. gr. laganna bætist málsgrein sem veitir stjórn Náttúruhamfaratryggingar Íslands heimild til að takmarka eða hafna því að váttryggja húseignir, lausafé og mannvirki sem tilheyra atvinnustarfsemi, ef það telst nauðsynlegt vegna áhættustýringar. Við 11. gr. laganna bætist málsgrein sem veitir stjórn Náttúruhamfaratryggingar Íslands heimild til að innheimta iðgjöld af munum sem tilheyra atvinnustarfsemi með álagi ef slík váttrygging getur haft í för sér með sér of mikla áhættu fyrir fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur tilefni til að meta hvort tillögur þess stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Í ljósi ákvæða 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar var þess sérstaklega gætt við undirbúning frumvarpsins að orðalag breytinganna væri skýrt og að öðru leyti í samræmi við kröfur sem leiða má af stjórnarskrárákvæðunum. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir að engan skatt megi á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þá segir í 1. mgr. 77. gr. að skattamálum skuli skipað með lögum. Ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Að öðru leyti gefur efni frumvarpsins ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Við vinnslu frumvarpsins var haft samráð við atvinnuvegaráðuneytið, Seðlabankann, Skattinn og Náttúruhamfaratryggingu Íslands vegna einstaka efnisatriða þess.

Áform um frumvarpið voru kynnt almenningi í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is, dagana 25. september – 8. október 2025 (mál nr. S-183/2025). Tvær umsagnir bárust frá Samtökum verslunar og þjónustu og Íslandsspilum sf. Samtökin fagna þeim áformum að framlengd verði bráðabirgðaheimild til að reka blandaða tollvöruheymislu en telja að í stað þess að ákvæði til bráðabirgða EE í búvörulögum, nr. 99/1993, um tímabil lægri tolla á grænmeti verði framlengt, ætti að gera ákvæðið varanlegt. Ekki þykir tilefni til að bregðast sérstaklega við umsögn samtakanna m.a. með tilliti til þess að núverandi búvörusamningar renna út í árslok 2026. Íslandsspil sf. leggst gegn því að Hapdrætti Háskóla Íslands verði undanþegið skattskyldu af fjármagnstekjum enda muni sú breyting auka frekar þann aðstöðumun sem sé til staðar á spilakassamarkaði á milli Íslandsspila sf., rekstraraðila söfnunarkassa og Hapdrættis Háskóla Íslands, rekstraraðila hapdrættisvéla. Lagabreytingin er talin nauðsynleg til að breytt reikningsskil samkvæmt lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, bitni ekki á rekstri Háskóla Íslands. Undanþágan er lögð til þar sem ekki stóð til að Háskóli Íslands yrði í verri stöðu fjárhagslega en hann var í áður. Vísast að öðru leyti til kafla 3.4. í greinargerð frumvarpsins.

Frumvarpsdrög voru kynnt almenningi í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is, dagana 15.–27. október 2025 (mál nr. S-XXX/2025). Í vinnslu.

6. Mat á áhrifum.

6.1. Mat á fjárhagsáhrifum.

Tillögur frumvarpsins eru af margvíslegum toga og sama má segja um fjárhagsleg áhrif þeirra.

Verði frumvarpið að lögum er hvað skattfrádrátt vegna hlutabréfakaupa varðar áætlað að úrræðið muni leiða til lækkunar á tekjum ríkissjóðs um 50 millj. kr. árið 2026 vegna

tekjuársins 2025. Ef úrræðið yrði framlengt um tvö ár má áætla að heildarlækkun á tekjum ríkissjóðs á því tímabili gæti numið um 90 millj. kr. auk þess sem útsvar til sveitarfélaga yrði um 50 millj. kr. lægra.

Hækkun frítekjumarks barna er talin leiða til 12 millj. kr. lækkunar á tekjum ríkissjóðs auk 6 millj. kr. lækkunar á tekjum sveitarfélaga.

Ef starfsemi eftirlitsnefndar með framkvæmd viðbótarlána og stuðningslána verður hætt þarf ekki að standa undir kostnaði við rekstur nefndarinnar árin 2026–2028 eins og gert hafði verið ráð fyrir. Kostnaður við nefndina 2024 nam 10,8 millj. kr. Kostnaður vegna ársins 2025 liggur ekki enn fyrir.

Markmið breytinganna á lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992, er að stuðla að virkari áhættustýringu stofnunarinnar og tryggja um leið fjárhagslegan grundvöll hennar og getu til að standa við skuldbindingar sínar. Áhrif breytinganna á rekstur stofnunarinnar takmarkast við aukna vinnu við áhættumat, endurtryggingar og ákvarðanir í tengslum við einstakar áhættur sem tilheyra atvinnustarfsemi. Breytingunum er ætlað að draga úr líkum á því að þær aðstæður skapist að stjórn óski eftir því að ríkissjóður gangist í sjálfskuldarábyrgð vegna lántöku stofnunarinnar í kjölfar tjónsatburða. Breytingarnar munu hafa í för með sér óveruleg áhrif fyrir meginþorra atvinnurekenda. Þeir atvinnurekendur sem búa yfir verulegum staðbundnum verðmætum gætu orðið fyrir áhrifum af breytingunum á þann hátt að einstakar staðbundnar áhættur þeirra verði ekki vátryggðar samkvæmt lögnum, þær verði takmarkaðar eða að álag verði bætt við iðgjöld af slíkum vátryggingum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að aðrar breytingar komi til með að hafa teljandi fjárhagsáhrif á ríkið.

6.2. Mat á jafnréttisáhrifum.

Ekki hefur farið fram ítarleg greining á jafnréttisáhrifum frumvarpsins. Þó má leiða að því líkur að einhverjar tillögur þess geti haft ólík áhrif á karla og konur enda eru konur að meðaltali með lægri tekjur en karlar. Í rannsókn Hagstofu Íslands frá janúar 2025, á launamun kynjanna 2019–2023, kemur fram að munur á atvinnutekjum karla og kvenna árið 2023 hafi verið 21,9%. Kynbundin skipting vinnumarkaðarins í störf og atvinnugreinar skýri að miklu leyti þennan launamun. Samkvæmt álagningarskrá ársins 2025 voru 50% kvenna í neðri helmingi tekjudreifingarinnar og konur eru aðeins 30% einstaklinga í efstu tekjutúndinni. Breytingar á sköttum, tollum og gjöldum koma því að meðaltali til með að hafa meiri áhrif á konur en karla.

Með tilliti til m.a. tekjutengingar barnabóta er líklegra að ákvæði, sem tryggir rétt þeirra aðila sem fluttu til Bretlands fyrir lok aðlögunartímabilsins og njóta réttar samkvæmt útgöngusamningnum að loknu því tímabili, gagnist konum betur en körlum.

Að lokum má nefna að karlar eiga almennt fleiri hluti í félögum og eru fleiri í stjórn fyrirtækja sem endurspeglast í því að úrræðið um skattfrádrátt vegna hlutabréfakaupa hefur í meira mæli verið nýtt af karlmönnum. Verði úrræðið framlengt um tvö ár má gera ráð fyrir að svo verði áfram.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 5. gr.

Lagt er til að gildistími úrræðisins um skattfrádrátt vegna hlutabréfakaupa verði framlengdur um tvö ár til viðbótar þannig að hann taki til fjárfestinga til og með árinu 2026. Yrði síðasta skattvildunin því veitt við álagningu opinberra gjalda á árinu 2027. Þá er jafnframt lagt til að bráðabirgðaákvæði laganna frá árinu 2020 sem heimilar tímabundna hækkun skattfrádráttarins úr 50% í 75% af fjárhæð fjárfestingar ásamt hækkun á

fjárhæðarmörkum heildarfjárfestinga einstaklings úr 10 millj. kr. í 15 millj. kr. verði framlengt til samræmis við gildistíma úrræðisins.

Um 2. gr.

Lögð er til hækkun á frítekjumarki hjá börnum undir 16 ára aldri, en umrædd viðmiðunarmörk hafa haldist óbreytt frá árinu 2013. Lagt er til að frítekjumarkið verði 300.000 kr. á ári í stað 180.000 kr. áður. Hér er í raun á ferðinni verðlagsuppfærsla til samræmis við hækkun skattleysismarka á tímabilinu 2013–2025 og mun hækkunin ef af verður koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2027 vegna tekna ársins 2026, en einnig við staðgreiðslu á árinu 2026. Skatthlutfallið sjálft helst óbreytt, eða 4%. Börn njóta ekki persónuafsláttar.

Um 3. og 8. gr.

Lagt er til að Happprætti Háskóla Íslands verði undanþegið staðgreiðslu og tekjuskatti af fjármagnstekjum. Happprætti Háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu Háskóla Íslands og fellur sem slík undir 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þar sem taldir eru upp þeir aðilar sem undanþegnir eru tekjuskatti. Þrátt fyrir að vera undanþegið tekjuskatti ber happprættinu að óbreyttu, á sama hátt og ríkissjóði, að greiða fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum sínum á borð við vaxtatekjur.

Innleiðing laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, fól í sér breytingar á reikningsskilum og umsýslu fasteigna í eigu ríkisins. Breytt reikningsskil ríkisins eiga að draga fram raunverulegan kostnað af því að veita opinbera þjónustu. Til að mæta kröfum laganna voru byggingar Háskóla Íslands færðar í sérstakt félag, Fasteignir Háskóla Íslands ehf., árið 2021. Háskóli Íslands greiðir því leigu til Fasteigna Háskóla Íslands ehf. Leigu fyrir húsnæði á vegum ríkisins er ætlað að vera í samræmi við raunkostnað við umsýslu þess sem endurspeglar verðmæti húsnæðis, kostnað við rekstur og viðhald sem og þá fjárbindingu sem felst í eignarhaldinu.

Í samræmi við breytt reikningsskil stendur til að Happprætti Háskóla Íslands láni Fasteignum Háskóla Íslands ehf. fjármuni með vöxtum í stað þess að leggja þá til Háskóla Íslands. Vextir af láninu eiga að endurspegla fjárbindingarkostnaðinn. Að óbreyttu mun Happprætti Háskóla Íslands greiða fjármagnstekjuskatt af þeim vöxtum og mun Háskóli Íslands þannig ekki njóta ágóðans af happprættinu líkt og verið hefur. Happprættið hefur að langmestu leyti staðið undir öllum byggingarframkvæmdum og tækjakaupum Háskóla Íslands og þannig verið honum ómetanleg lyftistöng og sparað ríkissjóði útgjöld. Breytingartillagan er til komin þar sem breytt reikningsskil samkvæmt lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, áttu ekki að leiða til þess að Háskóli Íslands yrði í verri stöðu fjárhagslega en hann var áður.

Jafnframt er lagt til að heiti Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði breytt í Menntasjóð námsmanna en sá síðarnefndi leysti þann fyrrnefnda af hólmi með lögum um menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020.

Um 4. gr.

Í 5. gr. er lögð til breyting sem ætlað er að skýra upplýsingaheimildir skattyfirvalda þegar kemur að viðskiptum með sýndareignir sem og að veita skattyfirvöldum heimild til að beita stjórnsýsluviðurlögum til að þrýsta á að réttum upplýsingum sé skilað inn tímanlega. Breytingin snýr að þremur málsgreinum 92. gr.

Í fyrsta lagi er lagt til að orðin „sýndareignir“ (e. crypto-asset) sé bætt við í upptalningu á þeim gerningum sem 2. mgr. tekur til. Í þeirri málsgrein er lögð upplýsingaskylda á aðila sem

annast kaup og sölu, umboðsviðskipti, milligöngu og aðra umsýslu með hlutabréf, skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Þessum aðilum ber að afhenda ríkisskattstjóra skýrslu um slík viðskipti og aðila að þeim, ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Með breytingunni verður skýrt að skyldan taki einnig til hvers konar viðskipta með sýndareignir.

Í öðru lagi er lagt til að orðunum „þjónustuveitanda sýndareigna“ sé bætt við upptalningu í 9. mgr.

Í málsgreininni er að finna upplýsingaheimildir skattyfirvalda vegna alþjóðlegra skuldbindinga og/eða samstarfs. Þar er ennfremur mælt fyrir um heimild til þess að krefjast áreiðanleikakönnunar og skipta á tilteknum upplýsingum við önnur ríki, í samræmi við alþjóðaskuldbindingar. Breytingunni á 9. mgr. er ætlað að gera skýrt að skattyfirvöld geta krafist þess að gerð sé áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum þeirra sem veita þjónustu með sýndareignir og að heimilt sé að deila tilteknum upplýsingum með öðrum skattyfirvöldum. Nánar yrði mælt fyrir um upplýsingaskyldna í reglugerð ráðherra sem kemur til með að byggja á svokölluðu CARF regluverki OECD. Hugtakið þjónustuveitandi sýndareigna (e. Crypto-Asset Service Providers) verður nánar skilgreint í reglugerð en hugtakið er víðtækt og tekur til einstaklings, lögaðila eða einingar sem veitir í atvinnuskyni þjónustu sem tengist með einhverjum hætti viðskiptum með sýndareignir fyrir viðskiptavini, eða í eigin nafni fyrir hönd viðskiptavina, hvort sem það er gert sem aðili að viðskiptunum, sem milliliður, eða með því að bjóða upp á vettvang þar sem viðskiptin fara fram.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 10. mgr. þannig skattyfirvöld hafi heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir, í formi dagsekta, til að knýja fram rétt og tímanlegar upplýsingar. Er þetta mikilvægt m.a. vegna þátttöku Íslands í gagnkvæmum upplýsingaskiptum við skattyfirvöld í öðrum ríkjum. Ef íslensk skattyfirvöld uppfylla ekki skuldbindingar sínar um réttar og tímanlegar upplýsingar þá er hætta á að þau fái ekki upplýsingar erlendis frá. Það athugist að þótt lagt sé til að málsgreinin sé endurorðuð í heild sinni er um að ræða minniháttar efnisbreytingu, n.t.t. er bætt við orðunum „þjónustuveitanda sýndareigna“ þannig að sömu reglur gildi um þá aðila og gildir nú um fjármálastofnanir. Með því að endurorða málsgreinina er hún gerð skýrari.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að nýju ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem ætlað er að tryggja að þeir aðilar sem eiga rétt samkvæmt útgöngusamningi Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. þann samning sem staðfestur var á grundvelli laga um ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 121/2019. Í ljós hefur komið að tilvitnuð lög nr. 121/2019 tryggja ekki rétt aðila sem fluttu til Bretlands fyrir lok aðlögunartímabilsins og njóta réttar samkvæmt útgöngusamningnum að loknu því tímabili. Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 183/2023 var t.d. komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði 2. málsl. 7. mgr. 68. gr. áðurnefndra laga um tekjuskatt væri afdráttarlaust um að barnabætur væru aðeins í boði ef barn væri búsett í ríki EES/EFTA eða Færeyjum. Lög nr. 121/2019 breyttu ekki þeirri niðurstöðu þar sem 3. gr. laganna, sem kvað á um að líta skyldi á Bretland með sama hætti og önnur aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, tók aðeins til loka aðlögunartímabilsins. Sú aðstaða getur því komið upp að aðili njóti réttar samkvæmt útgöngusamningnum en lög um tekjuskatt endurspeгла ekki þann rétt. Þykir því rétt að gera breytingu þannig að áðurnefnd lög séu ekki í andstöðu við rétt sem kann að vera fyrir hendi í útgöngusamningnum.

Um 7. gr.

Lögð er til leiðrétting á 30. gr. a, sem aukið var við lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með 15. gr. laga um breytingu á lögum er varða rannsókn og saksókn skattalagabrota, nr. 29/2021, þar sem ætlunin var að setja bann við beitingu álags á meðan mál var til rannsóknar eða meðferðar hjá saksóknara. Við setningu ákvæðisins var vísað til 30. gr. laga nr. 45/1987, sem varðar beitingu sekta, þar sem réttara hefði verið að vísa til 28. gr. laganna sem fjallar um beitingu álags. Sá hængur er aftur á móti á að álag skv. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987, er annars vegar ákvarðað sem; álag 1, þ.e. einn hundraðshluti (1%) af upphæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en 10% og hins vegar ákvarðast álag 2 jafnhátt dráttarvöxtum til viðbótar af upphæð vanskilafjár frá og með gjalddaga.

Samkvæmt framansögðu er lögð til sú breyting á 30. gr. a. laga nr. 45/1987, að í stað tilvísunar til 30. gr. verði vísað til 28. gr. laganna. Jafnframt er lagt til að ákvörðun álags samkvæmt lögunum verði breytt til samræmis við lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Þannig verði skilið á milli álags og beitingar dráttarvaxta vegna síðbúinna skila á fjárhæð staðgreiðslu, enda eðlismunur á álagi sem einni tegund refsikenndra viðurlaga og vaxta sem reiknast af ógreiddri peningakröfu. Breytir þar engu um þótt sá háttur hafi viðgengist að dráttarvöxtum hafi verið beitt sem ígildi álags. Með tilliti til þess samheitis á álagi og dráttarvöxtum sem viðhaft er í gildandi ákvæðum 28. gr., þá leiðir af aðgreiningunni að tilgreina þarf sérstaklega að dráttarvöxtum skuli beitt sem slíkum samhliða álagi. En eins og fram hefur komið er lagt til að dráttarvextir verði felldir undan álagshugtakinu í 28. gr. og þeim verði beitt sjálfstætt og eðli máls samkvæmt á forsendum síðbúinna skila á ógreiddri peningakröfu.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að 21. gr. laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020, verði felld brott. Hún kveður á um starfsemi sérstakrar eftirlitsnefndar með framkvæmd lánveitinga sem áttu sér stað á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði II til bráðabirgða í lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, verði felld brott. Með ákvæðinu voru ábyrgðarskuldbindingar ríkissjóðs vegna viðbótarlána undanþegin lögunum. Ákvæðið kvað einnig á um eftirlitsnefnd vegna stuðningslána en í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að starfsemi hennar verði hætt. Viðbótarlánin hafa nú verið greidd upp.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði XIII til bráðabirgða í tollalögum nr. 88/2005 verði framlengt um þrjú ár.

Um 12. gr.

Í greininni er lögð til eins árs framlenging á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða EE búvörulaga, nr. 99/1993, þannig að það gildi út árið 2026. Bráðabirgðaákvæðið kveður á um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tiltekna tegundir grænmetis. Með framlengingunni er tryggt nægjanlegt framboð til hagsbóta fyrir neytendur, auk þess sem komið er í veg fyrir skortstöðu og dregið úr líkum á tímabundnum verðhækkunum vegna álagningar tolla í þeim tilvikum þegar innlent vöruframboð er ekki nægjanlegt. Breytingartillagan er unnin í samráði við atvinnuvegaráðuneytið.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að gjalddagi innviðagjalds verði færður fram um átta daga; úr sjö dögum yfir fimmtán dögum eftir að skip yfirgefur tollsvæði ríkisins.

Um 14. gr.

Lagt er til að lög um ÍL-sjóð falli brott og ÍL-sjóður verði þar með formlega lagður niður frá og með 1. janúar 2026. Mælt er fyrir um að ríkissjóður taki við réttindum og skyldum sjóðsins frá sama tímamarki.

Til stendur að gera þinginu nánari grein fyrir úrvinnslu og uppgjöri sjóðsins í skýrslu, sem lögð verður fram á árinu 2025, í samræmi við 5. mgr. 3. gr. laga um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs, nr. 151/2019.

Um 15. og 16. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992. Lagt er til að við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem kveður á um að Náttúruhamfaratryggingu Íslands er heimilt að takmarka eða hafna því að váttryggja húseignir, lausafé og mannvirki sem tilheyra atvinnustarfsemi ef það telst nauðsynlegt vegna áhættustýringar.

Lagt er til að við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein sem kveður á um að stofnuninni er heimilt að innheima iðgjöld af munum sem tilheyra atvinnustarfsemi með álagi ef slík váttrygging getur haft í för með sér mikla áhættu fyrir fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

Í báðum tilvikum takmarkast heimildirnar við eignir sem tilheyra atvinnustarfsemi. Breytingarnar eru taldar nauðsynlegar til að tryggja getu Náttúruhamfaratryggingar Íslands til að viðhafa trausta og skilvirka áhættustýringu vegna stórra áhætta.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.